


Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans

Kennsluáætlun í Byrjendalæsi



Til notkunar með Komdu og skoðaðu eldhúsið

eftir Gunnhildi Óskarsdóttur og Ragnheiði Hermannsdóttur

Teikningar eftir Jean Posocco

Námsgagnastofnun 2002

Hugsuð fyrir 3. - 4. bekk

Þigurlína Jónsdóttir

Námsumhverfi

Með þessu verkefni þurfa að vera til staðar bækur fyrir börn um eldhúsið frá fjölbreyttum sjónarhornum og það sem tengist vinnunni þar. Aðgangur að bókasafni, hljómflytningtækjum, tölvum. Einnig venjulegu skólaföndurefni s.s. pappír, cartoni, bandi, litum, skærum, lími o.s.frv.

Öll hlustunardæmi eru með tengil á *Youtube* og sum sönglög. Önnur lög eru stjörnumerkt, * eru „*Syngjandi skóli*” hlustunarefni eftir Þórunni Björnsdóttur, aðgengileg á nams.is; ** bókina „*Söngvasafn Efværi ég söngvari*” eftir Ragnheiði Gestsdóttur á meðfylgjandi geisladiski; *** má nálgast á tonlist.is gegn gjaldi.

Dæmi um sönglög

[Kanntu brauð að baka?](#) (bls. 2-3) ***
Rúgbrauð með rjóma á (bls. 2-3)
[Berta bakarísterta](#) (bls. 4-5)
[Kvæðið um litlu hjónin](#) (bls. 6-7) * ***
[Piparkökusöngurinn](#) (bls.6-7) ***

Þykkvabæjarrokk (bls. 7-9) ***
[Grænmetisvísur](#) ***
[Súmjólk í hádeginu](#) ***
[Söngur Soffíu](#) (18-20)

Dæmi um hlustunarefni

Children's Corner Suite, [Golliwog's Cakewalk](#) - Claude Debussy

[Kvæðið um litlu hjónin](#)

[Að búa til grænmetishljóðfæri](#)

[Grænmetishljómsveitin](#)

[Írsku þvottakonan](#) (Irish washerwoman)

Markmið

- Að auka lestrarfærni (fjölbreyttan lestur, t.d. skimun, leitarlestur, læra ljóð (söngtexti), og lesa upphátt fyrir aðra).
- Að vinna með stafi og hljóð, sérhljóða og samhljóða p-a,á,æ,
- Auka orðaforða.
- Að efla ritun.
- Að æfa framsögn, tjáningu og söng.
- Efla heyrnænt og sjónrænt rýni.

Námsmat

Nemendur gefa samnemendum stjórnur fyrir virkni í hópvinnu.

Heimavinna

Fara heim með bókina *Komdu og skoðaðu eldhúsið* og ræða innihaldið við fjölskylduna.

Upplestur (Komdu og skoðaðu eldhúsið)

- Höfundar kynntir.
- Bókin skoðuð, forsíða og baksíða og spáð í innihaldið. Einnig velt fyrir sér tengslum hennar við aðrar bækur (Komdu og skoðaðu ...).
- Bókin lesin í heild.
- Hugtök skráðir á töflu (flettistöfluna)

Syngja: **Kanntu brauð að baka?**

(bls.2-3)

Rúgbrauð með rjóma á

(bls. 2-3)

Hlusta á: **Children's Corner Suite,**

Golliwog's Cakewalk

- Claude Debussy

1. lota

Höfundar
Bókarkápa
Viðfangsefni(eldhúsið)
Söngur
Hlustun



Svíta

Svíta er verk sem er í mörgum smá þáttum sem er raðað saman. Golliwogs Cakewalk er sjötti og síðasti þáttur úr svítunni Children's Corner Suite sem Debussy samdi og tileinkaði þriggja ára dóttur sinni. Cakewalk var leikur þar sem dansað var og sá fékk kökuna sem dansaði best. Verkið er í **ragtime** stíl. Ragtime var afrísk-amerískur með sterkan bassa og synkóperaða laglínu það er áherslan í laglínunni kemur ekki á 1. slagið í taktinum heldur 2. Og 4. slagið.

Umræður og vinna nemenda í hóp, einslega eða í þörum

- Bókin lesin aftur og ýmis orð skoðuð og skráð á flettistöfluna.
- Orð sem hægt er að skoða eða vinna með (kennari velur úr eftirfarandi upptalningu):

Eldhús, hollt, þeyta, rjómi, smör, brauðrist, spæla, stíffþeytt, eggjahvíta, eggjarauða, gufa, kartöflur, sunnudagssteik, skeið, áhöld, leysast upp, stöðurafmagn, krukka, gufa upp, vökvar, botnfall, koltvíoxíð, súrt, ber, hringrás, örvera, mygla, ósýnilegur, bakteríur, matarafgangar, óhreint, uppþvottavél, öryggislok, sápukúlur, blaðra, klessa, sullast, súrsaður, þurrkaður, reyktur, saltaður, kolaeldavél, safnkassi, blómabeð, vítamín

- **Lykilorð:** sunnudagssteik, kartöflur
Nota meðfylgjandi blað til að skrifa ný orð á (einstaklingsvinna).
- Finna orð í textanum sem innihalda samhljóðin p-a-á-æ: –(ljósrit úr bók, paravinna).
-

Syngja: **Berta bakarústerta** (bls. 4-5)

Kvæðið um litlu hjónin (bls. 6-7)

Piparkökusöngurinn (bls.6-7)

Hlusta á: **Kvæðið um litlu hjónin**

2. lota

Viðfangsefni bókin
Komdu og skoðaðu eldhúsið
Lestur
Ný orð
Hugtök
Lykilorð
Samhljóðar p-a-á-æ
Ritun – stafagerð
Hlustun






Rapp og hip hop

Rapp er rímuð frásögn töluð í takt og oftast nú til dags með smá undirleik. Rapp á rætur að rekja til hipp hopps sem er götudansstíll í New York frá áttunda áratug tuttugustu aldar.




Hlustið á rapp lagið

Wait until I cook it, búið til ykkar rapplag um það sem tengist eldhúinu.

<p>Stöðvavinna:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Hópur 1: Finnur pönnukökuuppskrift á netinu eða í matreiðslubók á skólasafni og skrifar upp á veggspjald og myndskreytir. Hvaða mælieiningar eru notaðar í uppskriftinni. ○ Hópur 2: Finnur uppskrift af ofnbökuðum fiski með osti og setur á veggspjald og skoðar mælieiningar eins og hópur eitt. ○ Hópur 3: Finnur uppskrift af kartöflustöppu og gerir það sama við hana og hinir hóparnir. <p>Ef hægt er fá nemendur að elda sínar uppskriftir og allir njóta í lokin.</p> <p>Syngja: Súmjólk í hádeginu Söngur Soffiu (18-20)</p> <p>Hlusta á: Írsku þvottakonun (Irish washerwoman)</p>	<p>3. lota</p> <p>Myndræn yfirlýsing Ný orð Ritun – stafagerð Upplýsingaöflun/ Bókasafn/ Tölvur Hlustun</p> <p> Írskt Jig Írskt jig er fjörugur þjóðdans í 6/8 takti sem kom fram á 16. öld.</p> <p> Reynið að læra írskt jig eftir myndbandinu og þegar þið eruð tilbúin getið þið dansað við <i>Írsku þvottakonuna</i> hér til vinstri.</p>
<p>Stöðvavinna:</p> <p>Hópar 1,2 og 3 búa til 10 spurningar úr bókinni eina á hvern miða. Öllum miðunum blandað saman og settir í hatt síðan draga hóparnir einn og einn miða til skiptis og reyna að svara spurningunum.</p> <p>Syngja: Þykkvabæjarrokk (bls. 7-9) Grænmetisvísur</p> <p>Hlusta á: Að búa til grænmetishljóðfæri</p> <p>Grænmetishljómsveitin</p> <p>Eftir að hafa horft á myndböndin um grænmetishljómsveitina búa nemendur til nokkur hljóðfæri úr grænmeti og prófa að spila á þau.</p>	<p>4. lota</p> <p>Myndræn yfirlýsing Ný orð Ritun – stafagerð Upplýsingaöflun/ Bókasafn/ Tölvur Söngur Hlustun</p> <p> Spilið á hljóðfæri sem þið hafið búið til úr grænmeti.</p>
<p>Sýning</p> <p>Nemendur sýna vinnu sína við veggspjöldin og segja frá sínum hlut og spila á grænmetishljóðfærin saman. Nemendur gefa hópverkefnum stjórnur.</p>	<p>5. lota</p> <p>Munnleg tjáning Framsaga Hlustun Hljóðfæraleikur</p>

Þigurlína Jónsdóttir

Söngtextar



KOMDU OG SKOÐAÐU ELDHÚSIÐ

Tónlist rauði þráðurinn í öllu skólastarfi

Kanntu brauð að baka?

Kanntu brauð að baka?
Já, það kann ég.
Svo úr því verði kaka?
Já, það kann ég.
Ertu nú alveg viss um?
Já, það er ég.
Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Kanntu mat að sjóða?
Já, það kann ég.
Og gestum heim að bjóða?
Já, það kann ég.
Ertu nú alveg viss um?
Já, það er ég.
Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Kanntu ber að tína?
Já, það kann ég.
Stoppa í sokka mína?
Já, það kann ég.
Ertu nú alveg viss um?
Já, það er ég.
Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Kanntu að sjóða fiskinn?
Já, það kann ég.
Og færa hann upp á diskinn?
Já, það kann ég.
Ertu nú alveg viss um?
Já, það er ég.
Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Rúgbrauð með rjóma á!

Rúgbrauð með rjóma á!
Rúgbrauð með rjóma á!
Það er gott að fá!
Þetta var fyrsta vers svo kemur annað vers,
það er alveg eins, nefnilega...
Rúgbrauð með rjóma á!
Rúgbrauð með rjóma á!
Það er gott að fá þetta var annað vers svo kemur þriðja vers
það er alveg eins, nefnilega...

Kanntu að vagga barni?
Já, það kann ég.
Prjóna sokka úr garni?
Já, það kann ég.
Ertu nú alveg viss um?
Já, það er ég.
Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Sérðu hér er hringur?
Já, það sé ég.
Ég set hann á þinn fingur?
Já, það vil ég.
Ertu nú alveg viss um?
Já, það er ég.
Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Prestinn mun ég panta.
Já, það vil ég.
Því hann má ekki vanta.
Nei, það skil ég.
Ertu nú alveg viss um?
Já, það er ég.
Eða ertu ef til vill að gabba mig?

Berta bakaríisterta

Óli fór til Bertu bakaríistertu
og bað hana að kyssa sig.
Þá sagði Berta bakaríisterta
ekki nema - þú elskir mig.

Þá sagði Óli, sem alltaf var á hjóli
ó hvað ég elska þig.
Þá sagði Berta bakaríisterta
Þá máttu kyssa mig.

Litla kvæðið um litlu hjónin

Við lítinn vog, í litlum bæ
er :, lítið hús. :,
Í leyni inni lágum vegg
er :, lítil mús. :,
Um litlar stofur læðast hægt
og lítill hjón,
því lágvaxin er litla Gunna
og litli Jón.

Þau eiga lágt og lítið borð
og :, lítinn disk :,
og litla skeið og lítinn hníf
og :, lítinn fisk :,
og lítið kaffi, lítið brauð
og lítill grjón. -
því lítið borða litla Gunna
og litli Jón.

Þau eiga bæði létt og lítill
:, leyndarmál :,
og lífið gaf þeim lítinn heila
og :, litla sál. :,
Þau miða allt sitt litla líf
við lítinn bæ
og lágan himin, litla jörð
og lygnan sæ.

Þau höfðu lengi litla von
um :, lítill börn :,
sem léku sér með lítill skip
við :, litla tjörn, :,
en loksins sveik sú litla von
þau litlu flón,
og lítið elskar litla Gunna
hann litla Jón.

Davíð Stefánsson

Piparkökusöngur

Þegar piparkökur bakast
kökugerðarmaður tekur
fyrst af öllu steikarpottinn
og eitt kíló margarín.
Bræðið yfir eldi smjórið
er það næsta sem hann gjörir
er að hræra kóló sykurs
saman við það, heillin mín.

Þegar öllu þessu er lokið
takast átta eggjarauður
maður þær og kíló hveitis
hrærir og í potti vel.
Síðan á að setja í þetta
eina litla teskeið pipar
svo er þá að hnoða deigið
og breiða það svo út á fjöl.

Thorbjörn Egner – Kristján frá Djúpalæk

Þykkvabæjarrokk

Þegar ég var pínulítill patti
var mamma von að vaggja mér í vöggu
í þeim gömlu, kartöflugörðunum heima.

Það var í miðjum Þykkvabænum
svona einn komma sex kílómetra frá sænum,
í þeim gömlu kartöflugörðunum heima.

Og þegar kartöflurnar fara að mygla
hætta þær að fara í fyrsta flokk
úr þeim gömlu, kartöflugörðunum heima

Það var í miðjum Þykkvabænum
Svona einn komma sex kílómetra frá sænum,
í þeim gömlu kartöflugörðunum heima

Grænmetisvísur

Þeir sem bara borða kjöt
og þjúgu alla daga
þeir feitir verða' og flón af því
og fá svo illt í maga.
En gott er að borða gulrótina,
grófa brauðið, steinseljuna,
krækiber og kartöflur
og kálblöð og hrámeti.
Þá fá allir nettan maga,
menn þá verða alla daga
eins og lömbin ung í haga
laus við slen og leti.

Sá er fá vill fisk og kjöt
hann frændur sína étur
og maginn sýkist molnar tönn
og melt hann ekki getur.
En gott er að borða gulrótina,
grófa brauðið, steinseljuna,
krækiber og kartöflur
og kálblöð og tómata.
Hann verður sæll og viðmótsljúfur,
vinamargur, heilladrjúgur
og fær heilar, hvítar tennur.
Heilsu má ei glata.

Kristján frá Djúpalæk þýddi

Súrmjólk í hádeginu

Ég er bara 5 ára og kenna á því fæ klukkan 7 á morgnana er mér dröslað niðr'í bæ enginn tekur eftir því þó heyrst lítil kvein því mamma er að vinna en er orðin allt of sein.

Súrmjólk í hádeginu, Cheerios á kvöldin mér er sagt að þegja meðan fréttatíminn er. Súrmjólk í hádeginu, Cheerios á kvöldin og mamma er svo stressuð en þó mest á sjálfri sér.

Svo inn á dagskólann mér dröslað er í flýti mig sárverkjar í handleggina eftir mömmu tog. Enn þá drottnar dagmaman með ótal andlitslýti það er eins og hún hafi fengið hátt í hundrað þúsund flog.

Súrmjólk í hádeginu, Cheerios á kvöldin mér er sagt að þegja meðan fréttatíminn er. Súrmjólk í hádeginu, Cheerios á kvöldin eitt er víst að pabbi minn hann ræður öllu hér.

Bráðum verð ég 6 ára en það er 1. maí daginn þann ég dröslast aleinn niðr'í bæ enginn tekur eftir því þó ég hangi þarna einn gamli er með launakröfu en er orðinn alltof seinn.

Súrmjólk í hádeginu, Cheerios á kvöldin mér er sagt að þegja meðan fréttatíminn er. Súrmjólk í hádeginu, Cheerios á kvöldin eitt er víst að pabbi minn hann ræður öllu hér.

Söngur Soffíu

Ja fussum svei, ja fussum svei,
mig furðar þetta rót.
Í hverju skoti skúm og ryk
og skran og rusl og dót,
en Jesper skal nú skítinn þvo
og skrapa óhroðan
og hann má því næst hlaupa út
að hjálpa Jónatan.

En Kasper brenni kurla skal
og kynda eldinn vel,
af heitu vatni hafa nóg
ég heldur betra tel.
Því Jesper bæði' og Jónatan
ég senn í baðið rek,
og vilji þeir ei vatnið í
með valdi þá ég tek.

Því andlit þeirra eru svört,
já eins og moldarflag,
og kraftaverk það kalla má
að koma þeim í lag.
Ef sápa ekki segir neitt
ég sandpappír mér fæ
og skrapa þá og skúra fast
uns skítnum burt ég næ.

Helstu hugtök, frum-, efnis- og leikniþættir tónlistar

Leiðbeiningar fyrir umsjónarkennara þegar
samþætta á tónlist við aðrar námsgreinar



Tónlist rauði þráðurinn í öllu námi grunnskólans
Fyrir nemendur á yngsta stigi

Sigurlína Jónsdóttir

Hér að neðan fara einfaldar skýringar á helstu þáttum tónlistar sem umsjónarkennari getur hugað að við sæmpættingu tónlistar við aðra námsgreinar barna á yngsta stigi:



Hlustun

Kennarar þurfa að skapa tónlistarvænt afslappað umhverfi t.d. púðakrók. Þar fá nemendur að hlusta á fjölbreytta tónlist og fá að bregðast við henni með því að hreyfa sig, klappa, dansa eða leika á ásláttarhljóðfæri t.d. hristur eða litlar handtrommur eða hljóðfæri sem börnin hafa búið til sjálf eða fundið í náttúrunni t.d. steina, trjábúta, skeljar o.s.frv.

Ung börn hafa stutt úthald eigi aðeins að hlusta sér til ánægju. Þau þurfa tengingu við eitthvað eða ástæðu fyrir því af hverju þau eru að hlusta og eftir hverju þau eiga að hlusta t.d. ákveðnu hljóðfæri eða breytingu í hrynn (takti), styrkleika (sterkt eða veikt) eða blæ (gleði, sorg, reiði). Mörg tónverk fela í sér sögu eða ævintýri sem kveikja löngun barnanna til sköpunar t.d. að teikna, mála, móta sögupersónur eða sýna látbragð. Með æfingunni eykst úthaldið og ánægjan og tónlistarupplifunin verður kveikjan að frjóu skapandi skólastarfi. Velja þarf fjölbreytta tónlist með og án orða frá sem flestum menningarheimum.



Söngur

Söngur fylgir allri menningu og er sjálfsprottinn og byrjar sem hjal og söngl með eða án orða. Börn söngla þegar þau leika sér og syngja með eða án orða í leik ein eða með öðrum. Oft söngla þau hendingar í leik t.d. „þú getur ekki náð mér“ eða tauta við sjálf sig þegar þau eru að dunda sér við eitthvað. Þetta getur verið upphaf af því að búa til lög og þarf að hlúa vel að með nærfærni. Velja þarf texta sem hæfa aldri og þroska barnanna og þeim hugarheimi sem þau hrærast í. Í sæmpættingu er mikilvægt að textinn eða heiti lagsins tengist á einhvern hátt viðfangsefninu í sæmpættingunni. Velja þarf tónhæð sem hæfir barnsröddinni og hafa ber í huga að þeim liggur hærra rómur en okkur fullorðna fólkinu. Gefa þarf góðan gaum að innihaldi textans, túlkun hans og stíltegund þegar sungið er. Þú syngur ekki gleðisöng með fýlusvip.

Velja þarf stutt lög fyrir yngstu börnin með ekki of vítt tónsvið þ. e. fer ekki mjög djúpt niður eða hátt upp. Kennarinn þarf að velja lög sem honum finnast áhugaverð þannig að hann smiti nemendur með áhuga sínum. Hann þarf að ná augnsambandi við nemendur þegar hann er að kenna lögin þannig að nemendur

finni og sjá áherslur í svipbrigðum hans. Gott er að leyfa nemendum að klappa púlsinn um leið og lögin eru lærð og hreyfa sig.



Hreyfing

Hvetjið nemendur til að hreyfa sig frjálst þegar þeir syngja eða hlusta á tónlist. Seinna þegar nemendum er eiginlegt að hreyfa sig í takt við tónlistina má bæta dansi við og í framhaldinu hvetja nemendur til að búa til dans við ákveðna hentuga tónlist. Langir borðar og blöðrur sem þau hreyfa hjálpa börnum oft til að koma sér af stað. Aðstoðið börnin við að finna hvernig mismunandi líkamspartar framleiða mismunandi hljóð t.d. með höndum, fótum, fingrum og handleggjum og einnig mismunandi leiðir að koma sér á milli staða t.d. hlaupa, hoppa, renna, ganga o.s.frv. Það þarf að hjálpa þeim að finna púlsinn í tónlistinni með því t.d. að klappa taktinn, ganga taktinn eða slá á ásláttarhljófæri. Hjálpa þeim að líkja eftir fyrirbærum í umhverfinu t.d. skýjum, rigningu, vindi, stormi til að túlka tónlist. Afmarka þarf svæðið þar sem börnin hreyfa sig, það má hvorki vera of lítið eða fullt af hlutum sem hægt er að rekast á eða of stórt þannig að það bjóði upp á hlaupalæti. Nemendur æfast í að bregðast við breytingum í tónlistinni s.s. hraða, styrkleika og blæbrigðum.




Hljóðfæraleikur

Hafið smá safn af ásláttarhljóðfærum við höndina, handtrommur, stafi, fingrasmellur og hristur og einnig hljóðgjafa sem börnin hafa útbúið sjálf. t.d. má nota sírópsdósir með mismunandi innihaldi, baunir, hrísgrjón, hveiti, skopparabolta, glerperlur, tréperlur o.s. frv. (ekki of mikið í hvern bauk). Litlar plast gosflöskur eru skemmtilegar og hægt að setja í þær mismunandi skemmtilega smáhluti s.s. marglitar perlur eða pappírsklemmur, tölur, smápeninga o.s.frv. Steinar, skeljar og ýmis eldhúsáhöld og verkfæri eru oft góðir hljóðgjafar. Einnig eru alltaf börn í bekknum sem eru að læra á hljóðfæri í tónlistarskólunum og kjörið tækifæri að fá þau til að spila á sitt hljóðfæri eða á málm- eða tréspil séu þau til staðar og félagarnir spili púlsinn (taktinn) með. Algengustu takttegundir eru tví-, þrí- eða fjórskiptur taktur og er þá klappað einn-tveir; einn, tveir, þrír; eða einn tveir, þrír- fjór og alltaf höfð áhersla á einn. Bæði í söng og hljóðfæraleik koma fyrir hraða- og styrkleikahugtök eins og hægt (largo)/hratt (allegro), sterkt (f)/veikt (p) og fjöldi ítalskra orða sem tákna form, blæ eða hughrfin sem laginu eða tónsmíðinni er ætlað að ná.



Sköpun

Tónlist og hreyfing eru góður grunnur til að styðja við sköpunarkraftinn í börnum. Börn hafa fjörukt ímyndunarafl og þurfa rými til að gera tilraunir með hina ýmsu hljóðgjafa bæði hefðbundna og óhefðbundna. Oft má kynda undir sköpunarkraftinn og sýna þeim leiðir hvernig hægt er að kanna hljóðheiminn t.d. með því að fá þeim pappírsgjafa og spyrja: „Hvað geturðu fengið mörg mismunandi hljóð úr pappírsgjafa?“ t.d. krumpa, rífa, sveifla o.s.frv. Hvetjið börnin til að búa til dansspor við tónlist og einnig semja eigin lög eða tónverk eða hljóðverk t.d. við sögur eða ljóð. Upplagt er að kanna hljóðumhverfið t.d. á skólalóðinni, renna priki eftir járnrimlahandriði eða girðingu, slá í öskutunnur, járnror í ljósastaura o.s. frv. Einnig að hlusta eftir umhverfishljóðum eins og rigningu, vindi, sjávarnið, bílahljóðum, fólki að tala saman eða börnum að leik. Þetta gerir þau næmari fyrir því að skynja umhverfið og tónlistina og þeirri fegurð sem í henni býr.



Lestur - ritun

Börn þurfa ekki að vera læs á nótur til að geta fært tónverkin sín í letur. Letrið þarf að sýn tvennt hvort tónninn fer upp eða niður og hvort hann er stuttur eða langur. Börnin geta t.d. gert mislöng strik eftir lengd tónanna og tröppur eða strik sem vísa upp á við eða niður á við í samræmi við hreyfingu laglínunnar. Þetta hjálpar þeim að muna tónverkið sem þau eru að skapa. Einnig geta nemendur sýnt styrkleikabreytingar með vaxandi styrk (*crescendo*) < og dvínandi styrk (*diminuendo*) > með þessum viðurkenndu táknum sem þau þekkja líka úr stærðfræðinni sem meira en og minna en og auðvelt er að teikna.

Inn í hvern og einn þessara þátta falla svo **laglína, púls, hrynur(taktur), hljómur, styrkur, blær, form og stíll.**




Hlutverk kennarans

Hlutverk kennarans er að skapa frjóan jarðveg og vera opinn og styðjandi í tónlistarupplifun með nemendum sínum.

**Komdu og skoðaðu eldhúsið
-vinnublöð-**

Komdu og skoðaðu eldhúsið – Lykilorð



SUNNUDAGSSTEIK

--	--	--

--	--	--


--	--	--

--	--	--

--	--	--

--	--	--

Komdu og skoðuðu eldhúsið - Lykilorð



KARTÖFLUR

Komdu og skoðaðu landakort – orðasúpa




N O R Ð U R P Ó L L L V A S N
 S A R E H N I L E I Ð S Ö G N
 Í F B P N Æ M S Ó Þ Þ P L F R
 V R B A A L Ð J Ð E E P O N H
 I U A V U Á U Ó A Y Y G F K Æ
 N M A E T G U N V G T Ö T A G
 S O L L L L U A Þ A A T M S R
 T F R P Í I J R U N Æ V Y S I
 R R V E R A Ó H R G K U N I A
 I I B R Ð M U O R B N N D A L
 L A N D A K O R T R I N A F T
 S P K U L A F N A A R M M M A
 G A T N A M Ó T Ð U Ð J Í A Ð
 G E M L G H N A T T L Í K A N
 S U Ð U R P Ó L L E Y K T U R

Finndu orðin:

LANDAKORT	HNATTLÍKAN	BAUGUR
NORÐURPÓLL	LEIÐSÖGN	GATNAMÓT
HÆGRI	SUÐURPÓLL	LOFTMYND
VINSTRI	SJÓNARHORN	GANGBRAUT

Komdu og skoðu landakort - orðaskuggar




Finndu skuggann af orðunum hér fyrir neðan:

landakort, suðurpóll, hægri, norðurpóll, vinstri, leiðsögn, gangbraut

Mat




Nemendur lita stjörnur og plasta og geyma hjá sér. Síðan rétta þeir upp viðeigandi stjörnu þegar þeir eru beðnir að meta vinnu félaga sinna, sína eigin eða hópsins. Síðan krossar nemandinn í réttan dálk á stjörnumatsblaðinu, þ.e. ef hann fær mjög gott setur hann x í dálkinn lengst til vinstri.

Mat - Stjörnur

	<p>Mjög góð vinna!</p>
	<p>Góð vinna!</p>
	<p>Þú getur gert betur!</p>

Stjörnumatsblað

Safnaðu krossum fyrir hverja stjörnu sem þú færð! Hvaða súla verður hæst?

		
mjög gott	gott	getur gert betur